

Alþingi
Erindi nr. P 135/40
komudagur. 29.10.2007

Nefndarsvið Alþingis
 Umhverfisnefnd
 Austurstræti 8-10
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. október 2007
 2007100015/42-1-1
 JGO/mfb

Efni: Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2008

Við er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 18. þ.m. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á þeim liðum frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2008, sem hana varða.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur átt við fjárhagsvanda að stríða um árabíl (sjá fylgiskjal 1, *bréf til umhverfisráðherra dags. 20. okt. 2006*), sem hefur óneitanlega bitnað á starfsemi stofnunarinnar. Uppsafnaður fjárhagslegur halli var um 22 m. kr. um síðustu áramót og mun aukast á yfirstandandi ári fáist ekki einhver leiðrétting í fjárukalögum nú líkt og fengist hefur sl. þrjú ár. Fjárframlag ríkisins til stofnunarinnar fyrir árið 2007 lækkaði að raungildi frá árinu áður og á sama tíma var óraunhæf sértekjuáætlun stofnunarinnar hækkuð verulega í fjárlögum fyrir árið 2007. Reynt hefur verið að halda starfsemi stofnunarinnar óbreyttri hvað starfsmannafjölda og verkefni varðar þrátt fyrir þessa stöðu, enda er ljóst að stofnunin þolir ekki meiri niðurskurð eigi hún að geta sinnt lágmarksskyldum sínum. Vonast var til að breyting yrði gerð til batnaðar á fjárhagsgrunni stofnunarinnar í fjárlögum fyrir árið 2008 og tekið á hallarekstri í fjárukalögum yfirstandandi árs. Að Náttúrufræðistofnun yrði komið á réttan kjöl fjárhagslega til framtíðar. Í frumvörpum til fjárukalaga 2007 og til fjárlaga 2008 er því miður ekki tekið á vanda Náttúrufræðistofnunar heiður er 20 m. kr. niðurskurður boðaður á rekstrarumfangi stofnunarinnar á næsta ári (sjá fylgiskjal: *Náttúrufræðistofnun Íslands: Breytingar á milli ára skv. frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008*). Auk þess mun fjárheimild stofnunarinnar lækka verulega vegna uppsafnaðs halla verði ekki tekið á þeim vanda.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir 388,9 m. kr. fjárveitingu til Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem jafngildi 121,1 m. kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Fljótt á litið virðist hér vera vel gert við stofnunina og sýna vilja stjórnvalda til að greiða úr fjárhagsvanda stofnunarinnar. Vilja til að snúa aftur á þá braut sem mörkuð var haustið 2005 og laga fjárhag Náttúrufræðistofnunar að þeirri starfsemi sem henni ber að sinna. Hér er þó ekki allt sem sýnist og það er mat stjórnenda stofnunarinnar að frumvarpið feli í raun í sér verulega skerðingu á starfsemi stofnunarinnar eins og áður segir.

Það er nokkuð ljóst að verði engar breytingar gerðar á fjárukalagafrumvarpi ársins 2007 og



fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2008 er varða Náttúrufræðistofnun þarf stofnunin að grípa til róttækra ráðstafan strax í upphafi næsta árs til að laga sig að fjárheimildum. Segja þarf upp fjölda starfsmanna og leita leiða til að losna undan rándýrum húsaleigusamningum. Svigrúm til hagræðingar er ekki lengur fyrir hendi eftir sparnaðaraðgerðir og aðhald í rekstri undanfarin ár.

Náttúrufræðistofnun óskar eftir að leiða verði leitað til að halda stofnuninni á floti og til að koma starfsemi hennar á fastan fjárhagslegan grunn til framtíðar. Þessi árlega óvissa um reksturinn og starfsemina er orðinn óþolandi og ekki búandi við hana lengur. Það er einnig óviðunandi að stofnunin skuli ekki geta sinnt sínum lögbundnu hlutverkum nema að takmörkuðu leyti vegna eltingarleiks við sértekjur fyrir verksölu. Orku og tíma starfsfólks ætti að nýta með öðrum hætti eins og Náttúrufræðistofnun hefur ítrekað lagt áherslu á í tillögugerð sinni til umhverfisráðuneytisins við undirbúning fjárlaga undanfarin ár.

Við undirbúning frumvarpsins sl. vetur lagði Náttúrufræðistofnun fram tillögur sínar varðandi fjárframlög árið 2008. Þar var megináhersla lögð á að fá sértekjuáætlunina lækkaða um 30 m. kr. samhliða styrkingu á rekstrargrunni með jafnháu viðbótarframlagi. **Mikilvægasta breytingin sem þyrfti að gera á fjárlagalið Náttúrufræðistofnunar í frumvarpi til fjárlaga ársins 2008 er að veita þetta 30 m. kr. viðbótarframlag.** Það er sú upphæð sem vantar til að eyða “föstum” halla miðað við óbreytt rekstrarumfang og koma í veg fyrir árlegar fjárukaugreiðslur.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson

Fylgiskjal: *Náttúrufræðistofnun Íslands: Breytingar á milli ára skv. frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008*



Fylgiskjal 1

Náttúrufræðistofnun Íslands: Breytingar á milli ára skv. frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008

- *Launa- og verðlagsbætur* virðast vera áætlaðar um 12,1 m. kr.
- *Nýtt húsnæði*. Framlag til að mæta auknum leigukostnaði af nýju húsnæði fyrir stofnunina og kostnaði af flutningnum er áætlað 80 m. kr., en þetta framlag verður væntanlega fellt niður þar sem ekki verður af flutningi fyrr en árið 2009. (Áfallinn kostnaður af útboði á þessu ári er um 1 m. kr.).
- *Rjúpnarannsóknir*. Gert er ráð fyrir 8 m. kr. tímabundnu framlagi til áframhaldandi rannsókna og vöktunar á rjúpnastofninum, en 4,4 m. kr. tímabundið framlag á fjárlögum yfirstandandi árs fellur niður á móti. Fljótt á litið er því um að ræða 3,6 m. kr. hækkun á framlaginu á milli ára. Hins ber að gæta að undanfarin ár hefur kostnaður við rjúpnarannsóknir verið um 16 m. kr. á ári og hefur verið greiddur af svo kölluðum veiðisjóði að stórum hluta. Sl. tvö ár hefur ráðuneytið ábyrgst 9,6 m. kr. greiðslu úr veiðisjóði, en lent í vandræðum með að greiða þá upphæð. Greiðslan fyrir árið 2006 kom tvískipt, 6,0 m. kr. í nóvember 2006 og 3,6 m. kr. snemma árs 2007 (bókfærð hjá NÍ á árið 2006, en líklega á árið 2007 hjá “veiðisjóðnum”). Hér virðist því vera gert ráð fyrir óbreyttu framlagi til rjúpnarannsókna í raun á milli ára, en án tillits til launa- og verðlagsbreytinga. En vonandi misskilningur að þessari hækkun fylgi samsvarandi skerðing á framlagi ú veiðisjóði.
- *Mýraeldar*. Vorið 2006 samþykkti ríkisstjórnin fimm ára rannsóknir (2006-2010) á áhrifum sinueldanna á Mýrum á lífríki svæðisins. Gert var ráð fyrir 8,3 m. kr. kostnaði árið 2006, sem fékkst greiddur með framlagi á fjárukalögum ársins, 4,2 m. kr. kostnaði árið 2007, 1,1 m. kr. 2008 og 2009 hvort ár og 5,6 m. kr. árið 2010. Framlagið vegna ársins 2007 sem á að vera 4,2 m. kr. hefur ekki fengist greitt ennþá og hér virðist eiga að greiða það árið 2008, sem er mjög bagalegt fyrir stofnunina. Eðlilegra hefði verið að veita þetta framlag á fjárukalögum ársins. Það er einnig einkennilegt að veita stofnuninni 7,2 m. kr. fjárframlag á árinu 2008 til að greiða 7,8 m. kr. kostnað sem fellur á hana að mestu leyti árið 2010! Niðurstaðan er þó skýr: framlagið til verkefnisins 2008 er 1,1 m. kr., en ekki 12,5 m. kr. eins og skilja mátti af frumvarpinu.
- *Vestfjarðagreiðslur*. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun fái um 20 m. kr. á ári í fimm ár til þriggja verkefna sem unnin yrðu á Vestfjörðum. Í skýringartexta frumvarpsins segir að Náttúrufræðistofnun Íslands sé ætlað að semja við Náttúrustofu Vestfjarða “um verkefnið” (gróðurkortagerðina), “um að annast rannsóknaverkefnið” (fuglarannsóknir og vöktun) og “um að annast verkefnið” (vöktun gróðurs). Í öllum tilfellum er um að ræða verkþætti sem eru hluti af stærri verkefnum sem unnið er að á Náttúrufræðistofnun. Stofnunin var búinn að samþykkja að fela Náttúrustofunni að vinna ákveðna verkþætti í þessum verkefnum samkvæmt samningi, en það var alltaf forsenda að ábyrgðin og verkefnið yrðu hjá Náttúrufræðistofnun. Þessi forsenda var staðfest af ráðuneytinu bæði munnlega og í tölvupósti, en samt birtist skýringartexti frumvarpsins með þessum hætti. Önnur

forsenda fyrir samþykki Náttúrufræðistofnunar var að þessi Vestfjarðaframlög myndu ekki bitna á stofnuninni fjárhagslega, en margt bendir til að stofnunin hafi skaðast. Niðurstaðan er ljós: þessir peningar, 20. m. kr. á ári eru ekki ætlaðir til rekstrar Náttúrufræðistofnunar heldur til byggðastyrkingar í Bolungarvík.

- *Náttúruvefsjá.* Samkvæmt frumvarpinu á að veita 5 m. kr. til náttúruvefsjár tímabundið í eitt ár gegn því að stofnunin eða ráðuneytið skaffi sömu upphæð á móti. Upplýsingar vantar um mótframlagið, hvaðan það eigi að koma. Hér er um 5 ára verkefni að ræða, sem hófst árið 2005 og fékk fjárframlög árin 2005 og 2006, en ekki 2007. Fyrsti hluti vefsjárinnar, “plöntuvefsjá”, var opnuð 2006, en hinir fjórir hlutarnir, “fluglavefsjá”, “smádyravefsjá”, “sjávardyravefsjá” og “jarðfræðivefsjá” hafa verið í biðstöðu vegna skorts á fjármagni. Eigi áætlanir að ganga eftir þarf að tryggja fjármagn til þriggja ára í stað eins árs.
- *Rekstrarumfang Náttúrufræðistofnunar.* Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir að rekstrarumfang Náttúrufræðistofnunar verði minnkað um 20 m. kr. á árinu 2008. Áætluð gjöld stofnunarinnar eru lækkuð um 20 m. kr. og sértekjuáætlunin sömuleiðis. Undanfarin ár hefur sértekjuáætlun fjárlaga verið algjörlega óraunsæ ein og allir vita sem hafa fylgst með fjárhagsmálum Náttúrufræðistofnunar, enda hefur verið tekið á þeim vanda með sérstökum framlögum á fjárukalögum hvers árs. Árið 2004 fengust 20 m. kr. vegna sértekjuvanda, 30 m. kr. árið 2005 og 15 m. kr. árið 2006. Ekki er ljóst ennþá hversu stór sértekjuvandinn verður í lok árs 2007, en í frumvarpi til fjárukalaga ársins er ekki gert ráð fyrir neinni leiðréttingu. Uppsafnaður halli stofnunarinnar var um 22 m. kr. í lok árs 2006 og verði ekki brugðist við í fjárukalögum mun hann aukast mikið á þessu ári. Haustið 2004 ákvað þáverandi umhverfisráðherra á grundvelli skýrslu Ríkisendurskoðunar (“*Náttúrufræðistofnun, rekstrar og fjárhagsvandi*”, nóv. 2004) að “koma rekstri á réttan kjöl með því að leiðrétta árlegan halla á rekstri og koma starfseminni úr þeirri kyrrstöðu sem hún var komin í vegna sparnaðar- og hagræðingaraðgerða”. Ákveðið var að starfsemin skyldi ekki skert meira en orðið var og starfsfólki ekki fækkað frekar þótt af því hlytist hallarekstur. Haustið 2005 voru stór skref stigin til að koma rekstri á réttan kjöl, en blaðinu var snúið við í gerð fjárlaga fyrir árið 2007. Þrátt fyrir 10 m. kr., hækkun á framlagi til stofnunarinnar frá því sem ákveðið var í frumvarpi til fjárlaga 2007 fékk stofnunin raunlækkun á milli ára. Og þrátt fyrir augljósa þróun sértekna Náttúrufræðistofnunar undanfarin ár var sértekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 2007 hækkuð verulega. Það er í raun ótrúlegt að hvorki Alþingi né ráðuneytin skuli taka alvarlega skýrslur Ríkisendurskoðunar og Stjórnarháttá ehf. um fjárhag stofnunarinnar og sértekjur. Niðurstaðan var óraunhæf fjárlagagerð, nema ætlunin hafi verið að draga úr starfseminni eins og frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2008 bendir óneitanlega til. Samkvæmt því ber stofnuninni að draga úr rekstrarumfang sínu um 20 m. kr.! Og það verður ekki gert nema með því að fækka starfsfólki, sem mun leiða af sér enn meiri samdrátt í sértekjum og almennri starfsemi stofnunarinnar. Ekkert mark virðist lengur tekið á því áliti Ríkisendurskoðunar að Náttúrufræðistofnun nái ekki að sinna lögboðnum verkefnum sínum með fullnægjandi hætti vegna þess hversu mikið búið sé að skerða rekstur hennar.

Niðurstaðan sem óhjákvæmilegt er að draga af frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 er að það feli í sér um 20 m. kr. niðurskurð á starfsemi Náttúrufræðistofnunar. Einnig virðist nokkuð ljóst að jafnhárra upphæð er veitt til Náttúrustofu Vestfjarða og að þar sé að finna skýringuna á niðurskurðinum.

Við undirbúning frumvarpsins sl. vetur lagði Náttúrufræðistofnun fram tillögur sínar varðandi fjárframlög árið 2008. Þar var megináhersla lögð á að fá sértekjuáætlunina lækkaða um 30 m. kr. samhliða styrkingu á rekstrargrunni með jafnháu viðbótarframlagi. Á þessa tillögu hefur greinilega ekki verið fallist og sama er reyndar að segja um aðrar tillögur stofnunarinnar.